



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráðs

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á gatnamótunum Kleppsmýrarvegar/Skeiðarvogs og Sæbrautar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Meðal annars á að fella niður aðra af tveimur vinstri beygjuakreinum frá Kleppsmýrarvegi til suðurs inn á Sæbraut. Þar fara vöruflutningar um frá ýmsum stórfyrirtækjum og myndast gjarnan teppur á álagstímum.

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort þessi áform sem eiga að stuðla að bættu umferðaröryggi geti í raun ekki aukið slyshættu en hitt? Áhyggjur eru af því að þetta muni hreinlega auka áhættuna á því að bílstjórar fari yfir á rauðu ljósi þegar færri bílar komast yfir gatnamótin hverju sinni en er í dag. Vogabyggð hefur byggst hratt upp og er stórt íbúðahverfi og eiga íbúar þar í erfiðleikum með að komast út úr hverfinu á álagstímum. Sama má segja um viðskiptavinum fyrirtækja sem þarna eru. Það eru umferðarteppur niður í Kjaravog og Skútuvog á álagstímum og beygjuljósinn anna vart umferð. Um þessi gatnamót er keyrt stórum hluta af byggingarefni inn á höfuðborgarsvæðið. Þeir sem þekkja best til þarna furða sig á þessum vinnubrögðum og telja að ef þessi breyting verði mun meiri umferð beinast í gegnum Vogabyggðina með tilheyrandi aukningu á mengun og slyshættu.

Svar:

Þessi útfærsla gatnamótanna var hönnuð með það í huga að auka umferðaröryggi allra vegfarenda en þó ekki síst óvarða vegfarenda. Líkt og kemur fram í minnisblaði samgöngustjóra dags. 16. ágúst 2023 eru gatnamótin afar erfið gangandi og hjólandi en þeim vegfarendum hefur fjölgað til muna á þessu svæði með tilkomu Vogabyggðar og ljóst er að þeim mun halda áfram að fjölga á næstu árum. Vísað er í hjálagt minnisblað varðandi frekari upplýsingar og umfjöllun. Beðist er velvirðingar á seinum viðbrögðum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Minnisblað samgöngustjóra dags. 16. ágúst 2023.